



Greinargerð um innleiðingu  
kynjaðrar fjárhags- og  
starfsáætlunar hjá  
Reykjavíkurborg

við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar vegna ársins 2018

Inngangur .....	2
1. Greining þjónustubátta .....	2
2. Jafnréttisskimun og jafnréttismat .....	6
Jafnréttisskimun á viðaukum við samþykka áætlun 2018 .....	6
Jafnréttisskimun á árinu 2018 vegna undirbúning að fjárfestingaáætlun og fjárhagsáætlun 2019 .....	7
3. Kyngreind tölfraeðigögn .....	8
4. Staða innleiðingarinnar á fagsviðum .....	8
Íþróttá- og tómsundasvið .....	8
Menningar- og ferðamálasvið .....	10
Skóla- og frístundasvið .....	10
Umhverfis- og skipulagssvið .....	11
Velferðarsvið .....	13
Ábendingar fjármálaskrifstofu: .....	14

## Inngangur

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Tvö megin verkefni innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru greining þjónustupáttanna annars vegar og jafnréttisskimun- og mat á öllum nýjum verkefnum og breytingartillögum sem varða fjárhagsáætlun hins vegar.

Í þessari greinargerð er að finna stöðumat á innleiðingu KFS árið 2018 með áherslu á eftirtalið:

- Stöðu greininga þjónustupáttanna á fagsviðunum með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þeirra samkvæmt samþykktu fjárhagsáætlun 2018.
- Innleiðingu jafnréttisskimunar. Tekið er saman hvert er hlutfall skimaðra verkefna sem bættust við samþykktu áætlun 2018, auk nýrra verkefna vegna undirbúnings fjárfestinga- og fjárhagsáætlunar 2019.
- Umfjöllun hvers fagsviðs um stöðu innleiðingarinnar og þær greiningar sem unnar voru á árinu.

## 1. Greining þjónustupáttanna

Greining þjónustupáttanna er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir varðandi fjárhags- og starfsáætlunir með tilliti til jafnréttisáhrifa. Markmið greiningar er að kortleggja hvort við ráðstöfun fjármagns halli á annað kynið eða þeirra hópa sem mannréttindastefnan tekur til. Greiningar á að nota til að meta hvort aðgerða sé þörf og sé svo til hvaða aðgerða á að grípa. Niðurstaðan er notuð sem grundvöllur fjárhagsáætlunar eða endurskoðunar hennar.

Í meðfylgjandi töflum kemur fram að stór hluti af þjónustu borgarinnar hefur ekki enn verið greindur með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Tafla 1 hér að neðan sýnir lista yfir þær greiningar sem lokið var við á fagsviðunum á árinu 2018.

Tafla 1: Greiningar þjónustupáttanna vegna innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar lokið á árinu 2018, eftir fagsviðum Reykjavíkurborgar.

Fagsvið	Verkefni	Tímasetning - skil
USK		
	Samgöngur og borgarhönnun	Nóvember 2018
VEL		
	Heimaþjónusta	Desember 2018
	Heimahjúkrun	Desember 2018
	Þjónustuíbúðir	Desember 2018
SFS		
	Innkaup á námsefni í tveimur leikskólum	Desember 2018
ÍTR		
	Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	Janúar 2019

Í töflum 2 til 6 hér á eftir er sett fram yfirlit yfir stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupáttanna samkvæmt samþykktu fjárhagsáætlun 2018. Í töflunum er yfirlit yfir sundurliðuð heildargjöld og tekjur viðkomandi málaflokks og tilgreint þar sem KFS greining hefur verið gerð. Jafnframt er merkt með gulu þeir þjónustupáttir sem að hluta til hafa verið gerðar greiningar á. Í töflunni er flokkað með svörtu letri þeir þjónustupáttir sem gert hefur verið ráð fyrir að greina með aðferðafræði KFS.

Tafla 2: Staða greiningar þjónustupátta á umhverfis- og skipulagssviði með hliðsjón af fjárhagsáætlun 2018. Lokið var greiningum á Samgöngum og borgarhönnun á árinu.

Umhverfis- og skipulagssvið	Áætlun 2018			Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
	Gjöld	Tekjur	Mismunur		
Umhverfis og samgönguráð og skrifstofa sviðsstjóra	1.013.309	265.029	748.280		frátalið
Landupplýsingar	152.902	3.500	149.402		já
Skipulagsfulltrúi	314.708	65.933	248.775		já
Samgöngustjóri og borgarhönnun	960.898	1.048.871	( 87.973)		já
Hjólreiðaáætlun					já
Byggingarfulltrúi	268.362	202.694	65.668		já
Umhverfisgæði	2.145.371	1.669.464	475.907		65%
Úrgangsmál	1.631.655	1.660.239	( 28.584)		já
Grasagarður	100.419	3.600	96.819		já
Vinnuskóli	32.163		32.163		já
Nemendur Vinnuskóla	69.528		69.528		já
Leiðbeinendur Vinnuskóla	94.345		94.345		já
Fræðslu- og félagsstarf Vinnuskólans	12.871		12.871		já
Þjónustumiðstöðvar Vinnuskóla	30.245		30.245		já
Heilbrigðiseftirlit	292.241	179.277	112.964		
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	1.117.157		1.117.157		
Rekstur og umhirða borgarlands	4.529.889	30.850	4.499.039		
<b>Samtals</b>	<b>10.638.178</b>	<b>3.462.118</b>	<b>7.176.060</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>9.624.869</b>	<b>3.197.089</b>	<b>6.427.780</b>		
<b>Samtals þjónustupættir sem sviðið hefur talið ekki ástæðu til að greina*</b>	<b>1.409.398</b>	<b>179.277</b>	<b>1.230.121</b>		
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>	<b>3.515.194</b>	<b>2.981.337</b>	<b>533.857</b>		<b>43%</b>

\*Þegar áætlun var sett saman á umhverfis- og skipulagssviði fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustupætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrftir að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóps um KFS verða þessir þjónustupættir aftur teknir til skoðunar og verði það niðurstaða hópsins að þá þurfi ekki að greina, þá fylgir þeirri ákvörðun rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun.

Tafla 3: Staða greiningar þjónustupáttá á Velferðarsviði með hliðsjón af fjárhagsáætlun 2018. Lokið var greiningum á heimaþjónustu, heimahjúkrun og þjónustuíbúðum á árinu. Vinna við greiningu hjúkrunarheimila er hafin.

Velferðarsvið	Áætlun 2018			Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
	Gjöld	Tekjur	Mismunur		
<b>Skrifstofur</b>	<b>3.591.922</b>	<b>558.124</b>	<b>3.591.497</b>		
<b>Nefndir og ráð</b>	<b>90340</b>		<b>90.340</b>		Frátalið
Fjárhagsaðstoð	1.974.066		1.974.066		já
Húsaleigubætur	975.791		975.791		
Samningar, framlög og styrkir	3.605.535	378.170	3.218.365		já
Búsetuúrræði	6.137.214	66.987	6.070.227		já
Félagsmiðstöðvar	865009	140767	724.242		
Dagþjónusta	573.241	173.216	400.025		já
Heimaþjónusta - Heimahjúkrun	3.501.061	1.557.239	1.943.822		já
Hjúkrunarheimili	1.391.868	1.190.635	201.232	já	
Þjónustuíbúðir	715.863	155.856	560.007		já
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	1.864.087		1.864.087		
Ýmis úrræði	860.309	257.663	602.646		
Þróunarverkefni	1.113.550	551.366	562.184		
Önnur gjöld	464.543	26.087	438.456		
Þjónustusamningar (safn)					
<b>Samtals</b>	<b>27.724.399</b>	<b>4.507.411</b>	<b>23.216.988</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>24.042.137</b>				
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>	<b>16.506.980</b>	<b>2.331.467</b>	<b>14.166.513</b>		<b>69%</b>

Tafla 4: Staða greiningar þjónustupáttá á Skóla- og frístundasviði með hliðsjón af fjárhagsáætlun 2018. Lokið var greiningu á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum á árinu.

Skóla- og frístundasvið	Áætlun 2018			Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
	Gjöld	Tekjur	Mismunur		
Frístund	4.072.506	659.863	3.412.644		
Leikskólar og dagforeldrar	16.127.974	1.466.711	14.661.263		
Sérkennsla í leikskólum	987.364	20.000	967.364		já
Innkaup námsefnis í leikskólum					já
Grunnskólar	28.833.839	1.862.996	26.970.843		
Sérkennsla	1.247.362		1.247.362		já
Félagsmiðstöðvar					já
<b>Skóla- og frístundasvið - yfirstjórn</b>	<b>1.233.027</b>		<b>1.233.027</b>		frátalið
Þróunarstyrkir og almennir styrkir	42.000		42.000		já
Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	1.793.205	58.310	1.734.895		
<b>Samtals</b>	<b>52.060.552</b>	<b>4.047.880</b>	<b>48.012.672</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>50.827.525</b>				
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>	<b>2.234.726</b>	<b>20.000</b>	<b>2.214.726</b>		<b>4,40%</b>

Tafla 5: Greining þjónustupáttá á Íþróttá- og tómstundasviði. Lokið var greiningum á aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á árinu. Vinna við greiningu á starfsemi Hins hússins er í vinnslu.

Íþróttá- og tómstundasvið	Áætlun 2018				
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
<b>Yfirstjórn ÍTR</b>	<b>184.397</b>		<b>184.397</b>		frátalið
Sundlaugar	2.405.150	916.504	1.488.645		
Sundlauga gestir				já	
Íþróttamál	666.464	39.842	626.622		
Skíðasvæðin	414.829	319.890	94.940		
Önnur starfsemi	1.263.690	256.693	1.006.997		
Hitt húsið	241.714	21.272	220.441	já	
Fjölskyldu- og húsdýragarður	458.303	184.526	273.777		já
Styrkir	4.383.200	45.621	4.337.579	já	
Frístundakort	727.668		727.668		já
<b>Samtals</b>	<b>9.317.731</b>	<b>1.578.550</b>	<b>7.739.181</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>9.133.333</b>		<b>7.554.784</b>		
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>	<b>1.185.970</b>	<b>184.526</b>	<b>1.001.445</b>		<b>13%</b>

Tafla 6: Greining þjónustupáttá á Menningar- og ferðamálasviði. Unnin hafa verið verkefni á sviðinu þó ekki þannig að þau hafi náð heildstætt til þjónustupáttá.

Menningar- og ferðamálasvið	Áætlun 2018				
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
<b>Yfirstjórn</b>	<b>127.014</b>		<b>127.014</b>		frátalið
Höfuðborgarstofa	173.542	59.514	114.028		
Barnmenningarhátíð				já	
Viðhorf og hegðun ferðamanna				já	
Borgarbókasafn Reykjavíkur	1.040.982	48.930	992.052		
Börn og menningaruppeldi				já	
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Útlán og "bókin heim"				já	
Listasafn Reykjavíkur	547.300	126.546	420.754		
Börn og menningaruppeldi				já	
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Listaverkakaup	22.666	6.750	15.916	já	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	734.875	252.867	482.008		
Börn og menningaruppeldi				já	
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Önnur menningarstarfsemi	72.050	13.640	58.410		
Styrkir og samstarfssamningar	1.461.479	60	1.461.419	já	
Framlög	960.741		960.741		
Annað	183.317	14.620	168.697		
<b>Samtals</b>	<b>5.301.300</b>	<b>516.177</b>	<b>4.785.123</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>5.174.287</b>				
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>					<b>0%</b>

## 2. Jafnréttisskimun og jafnréttismat

Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar, sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015, skal greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum (viðauka) sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda.

Nýtt eyðublað vegna jafnréttisskimunar, FMS-EBL-029, og leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats, FMS-LBE-156 voru tekin í notkun í júlí 2018. Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem auðveldar stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsraða ráðstöfun fjármuna með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti.

Jafnréttismat er dýpri greining á jafnréttisáhrifum. Fáir tillagan brautargengi, getur verið ástæða til þess að vinna jafnréttismat á verkefninu eða þjónustubættinum sem það varðar í heild sinni.

Alls bárust 110 jafnréttisskimanir frá fagsviðum og miðlægum skrifstofum á árinu 2018 vegna undirbúnings að fjárfestingaáætlun og fjárhagsáætlun 2019. Vert er að nefna að þar sem tillaga er jafnréttisskimuð áður en hún er samþykkt, eru margar af þeim 110 jafnréttisskimunum tillögur sem ekki komust á áætlun 2019.

Engin jafnréttismöt vonu unnin vegna nýrra verkefna við undirbúning fjárfestingaáætlunar og fjárhagsáætlunar 2019.

Þess skal gæta að umfjöllunin hér á eftir tekur einungis mið af hve vel hefur gengið að innleiða verklag við jafnréttisskimun á árinu 2018. Ekki hefur verið forsenda til þess að fjalla um innihald skimana og hversu vel sé staðið að því að stuðla að auknu jafnrétti við gerð fjárhagsáætlunar 2019. Markmiðið á komandi ári er að allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort sem það er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs, fari í gegnum jafnréttisskimun.

### Jafnréttisskimun á viðaukum við samþykktu áætlun 2018

Engin jafnréttisskimun var unnin vegna tillagna (viðauka) um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun 2018, þrátt fyrir að reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar kveði á um það. Breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun 2018 voru samtals 3.419 m.kr. Í töflu 7 hér að neðan má sjá yfirlit yfir breytingar (viðauka) á fjárhagsáætlun 2018 eftir fagsviðum. Þar er tekin saman upphæð þeirra tillagna sem fjármálaskrifstofa telur að hafi átt að skima en þar undir teljast ekki t.d. kjarasamningsbundnar launahækkanir.

Tafla 7: Yfirlit yfir viðauka ársins 2018 og upplýsingar um fjárhæðir til skimunar.

Fagsvið	Samtals viðaukar/breytingar	Samtals til skimunar	Skimað
MOF	93.495	64.231	0%
ÍTR	107.664	75.300	0%
RHUS	254.424	124.839	0%
SFS	1.615.402	486.044	0%
USK	127.689	10.000	0%
VEL	1.220.506	286.488	0%
Samtals	3.419.180	1.046.902	0%

## Jafnréttisskimun á árinu 2018 vegna undirbúning að fjárfestingaáætlun og fjárhagsáætlun 2019

Fagsviðum var í fyrsta sinn á árinu 2018 falið að jafnréttisskima tillögur sínar um fjárfestingar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2019. Mikið af þeim verkefnum sem fara inn á fjárfestingaáætlunar fagsviða ná yfir nokkur ár. Þau verkefni voru undanskilin jafnréttisskimun að þessu sinni. Í eftirfarandi yfirliti er að finna upplýsingar um fjárhæðir verkefna sem hlutu jafnréttisskimun.

Tafla 8: Yfirlit yfir fjárfestingaáætlun 2019 og upplýsingar um þau verkefni sem hlutu jafnréttisskimun.

Fjárfestingaáætlun 2019	Samtals áætlun	Samtals skimað	Hlutfall
<b>Fasteignir og stofnbúnaður</b>			
Menningar- og ferðamálasvið	1.180.910	695.800	59%
Skóla- og frístundasvið	2.367.000	65.000	3%
Íþróttá- og tómstundasvið	3.419.160	644.160	19%
Velferðarsvið	1.254.400	250.000	20%
Ýmsar fasteignir	620.000	0	-
Bílastæðasjóður	100.000	0	-
<b>Stofnkostnaður gatna</b>			
Þjófvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur	780.000	0	-
Nýbyggingahverfi	2.758.000	0	-
Miðborgin	1.300.000	0	-
Umhverfis- og aðgengismál	1.655.000	0	-
Umferðaröryggismál	150.000	0	-
Umhverfissvið - Ýmsar framkvæmdir	2.135.000	0	-
<b>Áhöld, tæki og hugbúnaður</b>			
Rafrænt þjónustuver	160.000	0	-
Hugbúnaður UTM	500.000	0	-
Kaup á bifreiðum	99.000	0	-
Tölvubúnaður í grunnskólum	66.000	0	-
Kaup á ýmsum tækjum	74.000	0	-
Endurnýjun tölvubúnaðar	425.000	0	-
<b>Áhöld og tæki bílastæðasjóðs</b>			
Miðamælar	75.000	0	-
<b>Lóðir, lönd og skipulagseignir</b>			
Samgöngumiðstöð	20.000	0	-
Ný byggingasvæði, þróun og uppbygging	31.500	0	-
Kirkjugarður Úlfarsfelli	25.000	0	-
<b>Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni</b>			
Endurbætur og meirih. viðhald fasteigna 7101	200.000	0	-
Leikvellir, torg og opin svæði 7102	75.000	0	-
Betri hverfi "Hverfapottar" 7102	450.000	0	-
<b>Samtals fjárfestingaáætlun</b>	<b>19.919.970</b>	<b>1.654.960</b>	<b>8%</b>

Kallað var eftir jafnréttisskimunum vegna nýrra verkefna sem bættust við í rekstri sviða við undirbúning fjárhagsáætlunar 2019. Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir fjárhæð verkefna sem fjármálaskrifstofa telur að hefði átt að jafnréttisskima, sbr. reglur um gerð fjárhagsáætlunar, með samanburði við fjárhæð þeirra sem var skimað. Hér eru aðeins tekin til þau verkefni sem sannarlega fela með einhverjum hætti í sér breytta þjónustu. eru þá undanskildar kjarasamningsbundnar launahækkningar, verðbætur, innri leiga og breytingar á barnafjölda svo dæmi sé nefnt.



Tafla 9: Jafnréttisskimanir vegna nýrra verkefna (eða miklar breytingar á verkefnum) á samþykktri fjárhagsáætlun 2019.

Fagsvið	Samtals til skimunar	Samtals skimað	Hlutfall
MOF	296.339	223.387	75%
ÍTR	169.150	24.750	15%
RHUS	117.674	24.474	21%
SFS	1.282.702	104.178	8%
USK	82.000	82.000	100%
VEL	2.678.223	0	0%
Samtals A-hluti	<b>4.626.088</b>	<b>458.789</b>	<b>10%</b>

### 3. Kyngreind tölfraeðigögn

Hér á eftir er umfjöllun hvers fagsviðs um stöðu innleiðingarinnar. Þar má sjá að aðgengi að kyngreindum tölfraeðigögnum er ábótavant. En hér má vísa í 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008) um greiningu á tölfraeðiupplýsingum, sem kveður á um að greint skuli á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu í opinberri hagskýrslugerð, nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því. Aðgengi að kyngreindum gögnum þarf að bæta til þess að uppfylla kröfu laganna en það er einnig mikilvægt við vinnslu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlana.

### 4. Staða innleiðingarinnar á fagsviðum

#### Íþrótt- og tómstundasvið


ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og þjónusta sé ávallt í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu með aðferðafræði KFS eru helst greining þjónustubátta. Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfraeðigögn.

#### Greining þjónustubátta


Á árinu 2018 voru tvær greiningar í gangi annars vegar var Hitt húsið með greiningu á þátttöku í músiktilraunum og hins vegar aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn greind.

Greining á aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðsinn lauk árið 2018. Helstu niðurstöður benda til að munur sé á aðsókn fullorðinna karla og kvenna eftir árstíðum. Yfir vetarmánuðina eru álíka margir karlar og konur en yfir sumarmánuðina eru töluvert fleiri konur en karlar sem sækja garðinn. Stjórnendur í garðinum hafa fengið það hlutverk að greina mögulega skýringu á þessu. Eftirfarandi töflur sýna upplýsingar um aðsókn í Fjölskyldu og húsdýragarðinn, kynjahlutfall eftir prósentum.

Gestir sem greiða stakt gjald:  
 Árstíðarsveiflur í kynjahlutföllum 0 - 12 ára og 13 ára +



Árskortshafar:  
 Árstíðarsveiflur í kynjahlutföllum barna og fullorðinna



Sumartalningin sker sig úr bæði meðal gesta sem greiða stakt gjald og árskortshafa þegar fjöldi fullorðinna kvenna verður mun meiri en fjöldi fullorðinna karla. Júlí er jafnframt fjölsóttasti mánuðurinn.

Eftirfylgni með fyrri greiningum á árinu 2018:

Þjónustubáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Frístundakort	Þátttaka 6-9 ára barna í Reykjavík í skipulögðu starfi kyngreind á hverju ári.	Komið inn verklag
Frístundakort	Nýting og dreifing á frístundakortinu er kyngreind á hverju ári.	Komið inn verklag
Aðsókn í Sundlaugar	Við innleiðingu á nýju verslunarkerfi var horft til þess að auðvelt yrði að safna kyngreindum gögnum.	Nýtt kerfi verður innleitt vorið 2019
Aðsókn í Sundlaugar	Við skoðun á aðsóknargögnum kom í ljós að það hallaði á konur í aðsókn að Sundhöllinni. Gerð var ítarleg könnun meðal notenda Sundhallarinnar. Niðurstaðan var að konur upplifðu að aðgengi að aðstöðu í kvennaklefum væri ábótavant. Var það haft til hliðsjónar við endurhönnun á Sundhöllinni.	Aðstaða í kvennaklefum var bætt til að mæta þörfum notenda Sundhallarinnar. Er komið í notkun.
Sumarstörf ÍTR	Aðgerða var ekki þörf.	Stjórnendur meðvitaðir um jafna kynjaskiptingu í ráðningum.
Fjárfesting Íþróttafélaga	Gögnin sýndu mun á fjárfestingu milli íþróttagreina og mismunandi þátttöku kynja í þessum greinum.	Haft til hliðsjónar við val á fjárfestingarverkefnum.
Rekstur íþróttafélaga	Gögnin sýndu mun á kostnaði milli íþróttagreina og mismunandi þátttöku kynja í þessum greinum. Margir fyrirvarar voru á úttektinni og margt sem var óljóst.	Ekki var mögulegt að vinna áfram með þau gögn vegna ónákvæmni gagna.

## Menningar- og ferðamálasvið

Áherslur ársins 2018 í jafnréttismálum snéru að hlutverki sviðsins er viðkemur börnum og unglingum. Lögð var áhersla á að afla gagna til þess að meta og greina upplifun barna og ungmenna á þeirri þjónustu sem þau sækja til stofnana sviðsins. Eitt af hlutverkum sviðsins er að ala upp menningarnotendur og hafa áherslur sviðsins í tengslum við KFS hverfst um þann þjónustubátt.

### Greining þjónustubátta

Á árinu hefur farið fram yfirgripsmikil gagnaöflun í tengslum við þátttöku og upplifun barna og ungmenna í skipulögðum skólaheimsóknunum og viðburðum á vegum stofnana sviðsins. Árið 2015 kom út skýrslan *Börn og menningaruppeldi* í framhaldi af greiningu á þátttöku og upplifun barna og ungmenna í skipulögðum skólaheimsóknunum og viðburðum á vegum stofnana sviðsins. Niðurstaða skýrslunnar gaf tilefni til þess að endurskoða hvernig staðið er að utanumhaldi um kynningar, smíðjur o.s.frv. Því merkjanlegur munur var á þátttöku og upplifun stúlkna og drengja. Stúlkurnar voru mun tíðari gestir á skipulögðum viðburðum og höfðu aukin heldur mun meiri ánægju af heimsóknunum sínum í söfnin.

Brugðist var við niðurstöðu skýrslunnar með því að stofna stýrihóp þvert á stofnanir sviðsins með það að markmiði að kortleggja hvernig mætti auka þátttöku og ánægju drengja af þjónustu safnanna án þess þó að hafa áhrif á stúlkurnar. Þá var fjármagni úr barnamenningarpotti úthlutað með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann. Lögð var áhersla á að gæta jafnræðis við skipan í starfshópa fræðslufulltrúa enda hafði komið í ljós að viðburðir og kynningar höfðu að mestu verið skipulagðar af konum og kynningarnar sömuleiðis. Þess utan fengu þeir starfsmenn sem halda utan um skólaheimsóknir og viðburði á vegum safnana sérstaka fræðslu um jafnrétti og menningaruppeldi.

### Hvaða kyngreindu gögn eru til á viðkomandi sviði og hvaða gagna er nauðsynlegt að afla til að hægt sé að framkvæma mat á jafnréttisáhrifum á verkefnum sviðsins?

Til eru upplýsingar um handhafa menningarkorts Reykjavíkur, árs korta á Listasafn Reykjavíkur og bókasafnskorta sem auðvelt er að greina eftir kynjum.

Stofnanir sviðsins eru að taka upp nýtt myndavélakerfi sem býður upp á ýmsar nýjungar við greiningu viðskiptavina. Kerfið hefur ekki verið tekið í notkun en undirbúningur er hafinn í samvinnu við innkaupdeild.

Hingað til hefur ekki tekist að greina gesti safnanna eftir kynjum.

## Skóla- og frístundasvið

Helstu áherslur í jafnréttismálum á skóla- og frístundasviði á árinu 2018 voru á kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Í kjölfar #metoo byltingarinnar var ljóst að þetta málefni krafðist meiri áherslu og vitundar innan sviðsins. Málefnið var tekið fyrir á starfsmannafundi, rýnt var í viðhorfskönnun starfsfólks og boðið var upp á fræðslu fyrir starfsstaði bæði í formi fyrirlestra og námskeiðs. Unnar voru viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni/ofbeldi fyrir starfsfólk og ungmenni sem birta á, á vefsíðum skóla og félagsmiðstöðva í borginni.

### Greining þjónustubátta vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Á árinu 2018 var gerð greining á innkaupum á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum. Helstu niðurstöður eftir að hafa rýnt í innkaup þessa tveggja skóla er hægt að segja að, að mestu leyti ýti leikföng og annað námsefni ekki undir kynjaðar staðalmyndir og að hugmyndafræði sem leikskólarnir vinna eftir geri það að verkum að kynjahlutlaust náms- og leikefni sé keypt inn á leikskólana. Þegar kemur að því að auka jafnréttisvitund barna má sjá mun á leikskólunum. Munurinn liggur þá helst í því að annar hefur unnið markvisst að jafnréttismálum og gert um það þróunarverkefni sem er nú fléttað inn í allt starf.

Helstu tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

- Til þess að jafna aðgengi barna í leikskólum Reykjavíkur að kynjahlutlausu námsefni þarf að efla jafnréttisvitund stjórnenda og starfsmanna í þeim
- Auka áætlað fjármagn til náms- og leikfæriskaupa.
- Gera markvissar jafnréttisáætlanir í leikskólum og vinna að þeim með fræðslu og viðmiðum um árangur fyrir starfsfólk.



Mynd 1 og 2: Námsumhverfi í leikskólanum Geislabaugi. Úr greiningarskýrslu um innkaup og námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum. Skýrslan er aðgengileg á ytri vef Reykjavíkurborgar.

### Eftirfylgni með verkefnum

Gætt var að því að jafnréttissjónarmið væru tekin fram í umsóknum um þróunarstyrki og styrkþegar beðnir að taka fram kynjaáhrif í greinargerð sem skilað var að loknu verkefni.

Ekki var markviss eftirfylgni með fyrri greiningum.

### Hvaða kyngreindu gögn eru til á viðkomandi sviði og hvaða gagna er nauðsynlegt að afla til að hægt sé að framkvæma mat á jafnréttisáhrifum á verkefnum sviðsins?

Ýmis kyngreinanleg gögn eru til á skóla- og frístundasviði en í mörgum tilfellum er hægt að kalla fram kyngreininguna sérstaklega í Qlixsense ef óskað er eftir því. Gögnin eru ekki kyngreind sérstaklega fyrir birtingu gagna, en hægt er að fá þau kyngreind í einhverjum tilfellum. Viðhorfskannanir foreldra og margar spurningar úr Skólapúlsinum er hægt að skoða út frá kynjum. Í starfsáætlunum er hægt að skoða kyn starfsfólks niður á störf og einnig er hægt að skoða kynjaskiptingu nemenda í gegnum Mentor. Námsferilsgögn eru yfirleitt ekki kyngreind en sviðið fær ekki mikið af slíkum gögnum almennt.

### Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustuþátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Ávinningur af greiningum á þjónustuþáttum er að ný sjónarhorn varpa ljósi á úrlausnarefni og tækifæri til að aðlagja vinnubrögð og þjónustu þannig að þau taki mið að þörfum fjölbreyttra hópa þjónustuþega og fjármunum sé varið með réttlæti sem viðmið. Greiningarvinnan ýtir undir meðvitund stjórnenda og starfsfólks, skapar þekkingu á jafnréttishliðum á verkefnum sviðsins og í lok greiningarferlis eru settar fram aðgerðir til að stuðla enn frekar að jafnrétti.

Hvað varðar sérstök verkefni sviðsins í jafnréttismálum þá tekur Sorphirða Reykjavíkur þátt í verkefni um jafnari kynjahlutföll á vinnustöðum borgarinnar. Þá eru um 75% starfsfólks USK þátttakendur í 2. áfanga verkefnisins um styttingu vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg frá febrúar 2018 til ágúst 2019.

## Greining þjónustubátta á USK 2018

Fram fór greining á skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. Niðurstöður má sjá í ítarlegri skýrslu um greininguna en helstu tillögur teymisins sem vann greininguna voru eftirfarandi:

- USK standi fyrir námskeiði fyrir starfsfólk á Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, Skrifstofu framkvæmda og viðhalds og Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins um aðgengi fyrir alla og kynni þær leiðbeiningar sem hafa verið útbúnar vegna þess.
- Ábyrgð: Fulltrúi Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og umsjónaraðili fræðslumála hjá mannauðsdeild USK.
- Ekki er til kort yfir stæði fyrir fatlaða í miðborginni. Lagt er til að Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar kortleggi þau og komi upplýsingum til Landupplýsingadeildar sem myndi gera upplýsingarnar aðgengilegar í borgarvefsjá.
- Ábyrgð: Fulltrúi Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar í samvinnu við Landupplýsingadeild.
- Ekki eru upplýsingar um gangbrautir í borgarvefsjá og er umhugsunarvert hvort því mætti ekki breyta. Ábyrgð: Fulltrúi Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar í samvinnu við Landupplýsingadeild.
- Gerð verði rannsókn á tengslum efnahagslegrar og félagslegrar stöðu fólks, og búsetu þeirra með áherslu á að greina stöðu þeirra sem búa við götur þar sem umferð er mikil og þung. Áhugavert væri að rýna forsendur og nýtingu hljóðvistarstyrkja betur, ekki síst í ljósi þess að fæst sveitarfélög veita sambærilega styrki, og eru þeir ekki hluti af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga. Vert er að benda á að í 10. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, er fjallað um rétt fólks til þess að búa í heilnæmu umhverfi. Með því að viðurkenna þennan rétt sem hluta af mannréttindastefnu borgarinnar, skuldbindur borgin sig til að búa borgarbúum heilnæmt umhverfi. Lagt er til að skoðað verði samstarf um þetta við umhverfis- og auðlindadeild HÍ en sviðið er með samkomulag við deildina frá því í ársbyrjun 2018 um starfsnám og rannsóknarverkefni.
- Ábyrgð: Fulltrúi Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar í samstarfi við verkefnisstjóra hjá Stefnumótun, greiningu og miðlun, með aðkomu mannréttindafulltrúa sviðs.
- Áætlun um samráð við notendur almenningsamgangna vegna þróunar borgarlínu, verði útbúið og fylgt eftir.
- Ábyrgð: Samgöngustjóri.
- Greiningar verði framkvæmdar á samfélagslegum áhrifum breytinga í almenningsamgöngum þegar/ef þær eiga sér stað, t.d. í samhengi við þróun borgarlínu.
- Ábyrgð: Samgöngustjóri.

## Eftirfylgni

Eftirfylgni með eldri verkefnum fór fram vorið 2018. Leitað var til ábyrgðaraðila málaflokkanna sem höfðu verið greindir og þeirra sem báru ábyrgð á aðgerðum greininganna, til að meta stöðuna.

## Hvaða kyngreindu gögn eru til á viðkomandi sviði og hvaða gagna er nauðsynlegt að afla til að hægt sé að framkvæma mat á jafnréttisáhrifum á verkefnum sviðsins?

Kyngreind gögn eru til fyrir mannauðsupplýsingar og vegna nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur. Við greiningar á þjónustubáttum, svo sem greiningu á hverjir nýta þjónustuna, er mismunandi hversu auðvelt er að draga saman kynjahlutföll. Sviðið setti sér árið 2015 verkferil um rannsóknir og gagnaöflun þar sem fram kemur að gögn og rannsóknir á vegum USK skuli innihalda kyngreindar upplýsingar og upplýsingar um stöðu ólíkra hópa fólks ef við á, í samræmi við markmið um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar hjá Reykjavíkurborg. Ætla má að einnig sé aukin meðvitund um þessi atriði í kjölfar KFS-greininga. Sem dæmi má nefna nýlega áfangaskýrslu um notkun rafmagnshjóla sem var tilraunaverkefni á USK árið 2018, en þar eru kyngreindar upplýsingar settar fram á skilmerkilegan hátt.

## Velferðarsvið



### Greining þjónustubátta á Velferðarsviði 2018

Á árinu 2018 voru fjórar greiningar á þjónustubáttum settar af stað. Þjónustubættirnir voru heimahjúkrun, heimaþjónusta, þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili. Niðurstöður greiningar á þjónustuíbúðum, heimahjúkrun og heimaþjónustu liggja nú þegar fyrir.

Helstu niðurstöður í greiningu á notendum þjónustuíbúða voru að kynjaskipting þjónustuþega var í að mestu leyti í samræmi við kynjaskiptingu íbúa Reykjavíkurborgar á þessu aldursbili eða 40% karla og 60% konur.

Helstu niðurstöður í heimahjúkrun voru að færri karlar en konur fá heimahjúkrun en þeir karlar sem fá þjónustu eru að fá meiri þjónustu en konur. Af þeim 2.357 einstaklingum sem fengu heimahjúkrun árið 2017 voru 840 karlar eða 35,6% og 1.517 konur eða 64,4%. Heildarfjöldi samskipta við karla voru 73.471 og 102.488 við konur. Að meðaltali fékk hver karl 87,5 samskipti og hver kona 67,6 samskipti árið 2017.

Í eftirfarandi töflum má sjá fjölda notenda heimahjúkrunar og fjölda samskipta við heimahjúkrun fyrir árið 2017, eftir kyni og aldri:



Helstu niðurstöður í heimaþjónustu voru að fleiri konur en karlar voru að fá heimaþjónustu en karlar sem fá þjónustu voru að fá fleiri tíma. Þar var einnig tekið mið af samsetningu íbúa eftir kyni en hlutfallslega fleiri konur en karlar fá heimaþjónustu í öllum aldurshópum.

Unnið er áfram með niðurstöður greininga.

### Aðgengi kyngreindra gagna á sviðinu

Velferðarsvið er með tölfraði gagnagrunninn Velstat <http://velstat.reykjavik.is> þar sem hægt að skoða ýmsa tölfraði og kyngreiningu á þjónustu velferðarsviðs sem að hafa verið notaðar í greiningum sviðsins.

## Ábendingar fjármálaskrifstofu:

- Frá árinu 2012 hefur Reykjavíkurborg verið með markmið um að greina alla þjónustu borgarinnar með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Gert hafði verið ráð fyrir því að þeirri greiningu myndi ljúka fyrir á árinu 2018 og unnt yrði að undirbúa fjárhagsáætlun 2019 heildstætt með jafnrétti að leiðarljósi í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Greining á þjónustubáttum hefur gengið mun hægar en vonast var til og enn er talsvert í land, sjá kafla 1 um greiningu þjónustubátta. Talsvert er um að smærri verkefni séu tekin fyrir innan þjónustubátta. Mikilvægt er að finna leiðir til þess að takast á við jafnréttisgreiningu stærri þjónustubátta með markvissum hætti og að verkefninu sé fylgt eftir af alvöru á fagsviðum borgarinnar.
- Á árinu 2018 var markvisst unnið að því að innleiða jafnréttisskimun sem verkefari til þess að tryggja að farið sé yfir jafnréttissjónarmið við gerð allra tillagna sem hafa fjárhagsleg áhrif. Í skýrslunni má sjá hvernig til hefur tekist en fram kemur að töluvert skortir á um að þau markmið hafi náðst. Mikilvægt er að komið sé á skilvirkri eftirfylgni með því að þessu verklagi sé ávallt fylgt.
- Í þessari skýrslu er ekki tekist á við gæði eða innihald jafnréttisskimana en til framtíðar er markmiðið að nýta þær til frekari upplýsingaöflunar um árangur verkefnisins.
- Fram kemur að aðgengi að kyngreindum gögnum er víða ábótavant. Setja verður áætlun um fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg varðandi kyngreind gögn og gagnastefna borgarinnar verði þar að leiðarljósi.
- Á síðasta ári steig borgin sín fyrstu skref gagnvart framkvæmda áætlun borgarinnar í ljósi innleiðingar á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Ljóst er að við undirbúning stærri verkefna sem eiga til framtíðar eftir að hafa mikil áhrif á íbúa og lífsgæði þeirra liggja mikil tækifæri í því að taka inn jafnréttissjónarmið á öllum stigum undirbúnings og framkvæmdar. Leita þarf leiða til þess að sjá það verða að veruleika.